



SPURNINGIN SVARAR

3 spila saman, 2 spyrja en sá þriðji er dómari (dregið um hlutverk)

Dómarinn:

- leggur mat á hvort spyrjendurnir fylgi reglum og þar með hver tapar
- er tímavörður
- skráir á blað hvað hvor spyrjandi nær að leggja fram margar spurningar í hverjum leik (þá er hægt að bera saman hópa)

Leikmaður tapar ef hann:

- strandar og getur alls ekki lagt fram nýja spurningu
- brýtur einhverja af reglunum fjórum

Regla 1: allt sem er sagt verður að vera spurning

Regla 2: spyrjandi fær 30 sekúndur til að hugsa sig um í hverri umferð

Regla 3: það er bannað að svara og leggja síðan fram spurningu í sömu setningu, t.d. „Já, en hvað ef...?“

Regla 4: spurning má ekki vera innantóm eða skipta um umræðuefni, hún verður að viðhalda framvindu í samtalinu. Bannaðar spurningar væru t.d. „ertu brjáláður?“ eða „leiðist þér ekki þetta samtal?“ eða „finnst þér það?“